

Nr. 16.

9.  
júli.

## Lög

um

breyting og viðauka við lög um hagfræðisskýrslur nr 29,  
8. nóv. 1895 og lög nr. 20, 30. okt. 1903.

**Vjer Frederik hinn Áttundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Forstöðumenn fastaverzlana, lausakaupmenn, þar með taldir hrossakaupmenn og fjárkaupmenn, forstöðumenn kaupfjelaga og pöntunarfjelaga, og aðrir, er vörur kaupa frá útlöndum, eða sem selja vöru eða sölu annast til útlanda, skulu skyldir til að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í tje sem nákvæmastar skýrslur um það, hverjar vörutegundir og hve mikið af hverri vörutegund þeir flutt hafi eða flytja látið til landsins, eða frá því; svo er þeim og skylt að skýra frá innkaupsverði innfluttrar vöru að viðbættum flutningskostnaði til landsins, og innkaupsverði innlendrar vöru, og tilgreina frá hverju landi vörunar eru keyptar, alt eftir því, sem eyðublöð þau greina og reglugjörðir, er landsstjórnin út gefur.

## 2. gr.

Skipaafgreiðslumenn, sem taka á móti farmskrám (Manifest) frá útlöndum, svo og kaupmenn, pöntunarfjelög, kaupfjelög og aðrir, sem taka á móti farmskrám, eða hleðsluskírteinum (Conossement) í stað farmskrár yfir innfluttar vörur, sem skipaafgreiðslumenn taka ekki á móti, skulu frá ársbyrjun 1909 skyldir til að láta hlutaðeigandi lögreglustjóra í tje staðfestan útdrátt úr þessum farmskrám, eða hleðsluskírteinum, sem koma í farmskrár stað, yfir innfluttar vörur, er sýni nafn viðtakanda, nafn skipsins, er vörunar flutti, og stykkjatal, tegund, vigt eða teningsmál allra varanna, sem á farmskrá standa.

Útdráttinn úr farmskránum eða hleðsluskírteinum, sem koma í þeirra stað, skal afhenda lögreglustjóra svo fljótt sem verða má og eigi síðar en við lok hvers árs, og varðar það sektum alt að 500 krónum, ef út af er brugðið.

## 3. gr.

Nú fylgir aðeins ein farmskrá skipi, sem flytur inn vörur að fleiri en einni höfn, og skal þá sá, er síðast veitir vörunum móttöku úr skipinu, afhenda lögreglustjóra útdráttinn úr farmskrá skipsins.

Nr. 16. Lög 9. júlí um breyting og viðauka við lög um hagfræðisskýrslur nr 29, 8. nóv. 1895 og lög nr. 20, 30. okt. 1903.

# Lov

om

Nr. 16.  
9.  
Juli.

Forandring i og Tillæg til Lov Nr. 29 af 8. Novbr. 1895 og Lov  
Nr. 20 af 30. Oktbr. 1903 om statistiske Tabeller.

**Vi Frederik den Ottende**, af Guds Naade Konge til Danmark  
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenburg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

## § 1.

Forstandere for faste Handeler, Spekulanthandlere, derunder Opkøbere af Heste og Faar, Forstandere for Forbrugs- og Fællesindkøbsforeninger, samt andre, der købe Varer fra Udlandet, eller som selv sælge eller besørge Salg af Varer til Udlandet, ere pligtige til for vedkommende Myndigheder saa nøjagtig som mulig at opgive, hvilke Varesorter og hvor meget af hver Sort de have ført eller ladet føre til eller fra Landet. Desuden ere de pligtige til at opgive indførte Varers Indkøbspris med Tillæg af Transportomkostninger her til Landet, og indenlandske Varers Indkøbspris, samt oplyse, fra hvilket Land Varerne ere indkøbte, alt i Henhold til de af Ministeriet udgivne Skemaer og Instrukser.

## § 2.

Skibsekspeditører, der modtage Manifeste fra Udlandet, Købmænd, Fællesindkøbs- og Forbrugsforeninger, samt andre, der modtage Manifeste eller i Stedet derfor Konnossementer for indførte Varer, der ikke modtages af Skibsekspeditører, ere pligtige til fra Begyndelsen af Aaret 1909 til Politimesteren at aflevere bekræftet Uddrag af de paagældende Manifeste eller de i Stedet for dem trædende Konnossementer for indførte Varer, indeholdende Opgivelse af Modtagerens Navn, Navnet paa det Skib, med hvilket Varerne ere indførte, samt alle de paa Manifestet opførte Varers Stykketal, Art, Vægt eller Kubikmaal.

Bemeldte Uddrag af Manifeste eller Konnossementer skal indleveres til Politimesteren saa snart ske kan og senest ved Aarets Udgang. Overtrædelser heraf straffes med Bøder paa indtil 500 Kr.

## § 3.

Medfører et Skib, der indfører Varer til flere end en Havn, kun et Manifest, skal den, der sidst modtager Varer fra Skibet, indlevere til Politimesteren Uddraget af Skibets Manifest.

Nr. 16. Lov af 9. Juli om Forandring i og Tillæg til Lov Nr. 29 af 8. Novbr. 1895 og Lov Nr. 20 af 30. Oktbr. 1903 om statistiske Tabeller.

Nr. 16.  
9.  
júli.

4. gr.

Svo skulu forstöðumenn fastra verzlana, pöntunarfjelaga, kaupfjelaga, iðnaðar-fyrirtækja og aðrir, er reka lánsverzlun að meira eða minna leyti, skyldir til að láta landsstjórninni í tje áreiðanlega skýrslu um samanlagðar skuldir og inneignir hjerlendra viðskiptamanna sinna, annara en banka, eins og þær eru 31. desember ár hvert.

Landsstjórnin annast um, að skýrslur þessar sjeu prentaðar ásamt öðrum hagfræðisskýrslum og skulu þær vera þannig, að aðeins sjáist samanlagðar skuldir og inneignir hvers kaupþúns eða kaupstaðar fyrir sig, án þess nokkurt verzlunarnafn sje nefnt.

5. gr.

Landsstjórninni ber að annast um, að samin sje árlega skrá, er fylgi hagfræðis-skýrslunum yfir aðfluttar vörur, yfir stykkjatölu, tegund, vigt eða teningsmál innfluttrar vöru, sundurliðaða eftir kaupþúnum og samaniagða.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

7. gr.

Með lögum þessum er 5. gr. laga nr. 29 um hagfræðisskýrslur 8. nóvember 1895 úr lögum numin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 9. júli 1909.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Björn Jónsson.***

## § 4.

Nr. 16.  
9.  
Juli.

Endvidere ere Forstandere for faste Handeler, Fællesindkøbs- og Forbrugsforeninger, industrielle Foretagender, samt andre, der i større eller mindre Udstrækning drive Handel mod Kredit, pligtige til at meddele Ministeriet paalidelige Oplysninger om deres indenlandske Kunders, undtagen Bankers, samlede Gæld og Tilgodehavende den 31. December hvert Aar.

Ministeriet drager Omsorg for, at disse Opgivelser trykkes sammen med andre statistiske Tabeller, og skal de være saaledes affattede, at der kun kan ses, hvor meget den samlede Gæld og Tilgodehavende i hver enkelt Købstad og Handelsplads udgør, uden at <sup>h</sup>noget Handelsfirmas Navn bliver nævnt.

## § 5.

Ministeriet drager Omsorg for, at der aarlig affattes en Oversigt, der skal følge med de statistiske Tabeller, specificeret efter Handelspladser og taget under et, over de indførte Vares Stykketal, Art, Vægt eller Kubikmaal.

## § 6.

Overtrædelse af denne Lov behandles som offentlige Politisager.

## § 7.

Ved denne Lov ophæves § 5 i Lov Nr. 29 af 28. Novbr. 1895 om statistiske Tabeller.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 9. Juli 1909.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Björn Jonsson.***

Islands Ministerium, den 9. Juli 1909.

***Björn Jonsson.***

*Jon Krabbe.*  
kst.